Reykjavík, 30.júní 2026
USK26040288

# Breyting á deiliskipulagi Teigahverfis – syðri hluti

Sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Deiliskipulag Teigahverfis - syðri hluti, var samþykkt í borgarráði þann 1. október 2001 og staðfest þann 2. júlí 2002. Allmargar breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu, flestar þeirra óverulegar.

Í breytingu þessari felst að heimilt verði að leggja allt að 132 kV jarðstreng í götur eða gönguleiðir á borgarlandi. Strengurinn verður lagður á 40-60 cm dýpi undir yfirborði. Strengurinn tengir núverandi aðveitustöð í Borgartúni 38 við nýja aðveitustöð við Sægarða 1 í Sundahöfn og við 132 kV streng sem liggur við Glæsibæ. Markmiðið er að styrkja núverandi kerfi stofnlagna og auka afhendingargetu og afhendingaröryggi.

**Óveruleg breyting, rökstuðningur**
Sú breyting sem hér er lögð fram er talin óveruleg, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. Breytingin er metin óveruleg þar sem um neðanjarðarlögn er að ræða sem hefur engin áhrif á landnotkun, aðra mannvirkjagerð, aðgengi eða ásýnd innan deiliskipulagssvæðisins.

**Breyting á deiliskipulagi**
Í gildandi deiliskipulagi er ekki fjallað um lagnir og veitur. Eftirfarandi texta verður bætt við uppdrátt og greinargerð.

**Rafstrengir**
Heimilt er að leggja allt að 132 kV jarðstreng í og við götur og gönguleiðir á borgarlandi. Óheimilt er að hefja framkvæmdir án þess að samþykki eiganda strengsins liggi fyrir, ef þær kalla á yfirborðsrask innan 2,5m frá miðlínu strengsins. Afla skal nánari upplýsinga hjá eiganda strengsins um nákvæma staðsetningu.

Engar breytingar eru gerðar á deiliskipulagsuppdrætti.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í/á embættisafgreiðslufundi Skipulagsfulltrúa

þann 30. júní 2026.

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann 17. september 2026.

HMS Húsnæði Mannvirki Skipulag
Mótt.: 2. OKT. 2026
Málnr.

REYKJAVÍKURBORG SKIPULAGSFULLTRÚI

Reykjavík